

124 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
13. okt. veitingu hallærisláns. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi sýslunefnd Strandasýslu 4000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, gegn því, að lánið ávaxtist með 4% á ári og endurborgist á næstu 8 árum með $\frac{1}{8}$ árlega eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

125 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end-
19. okt. urgjald sveitarstyrks. — Hreppsnefndin í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu hefir með brjefi 30. nóv. f. á. áfrýjað til landshöfðingja úrskurði yðar, herra amtmaður, 18. desbr. 1884, viðvíkjandi endurgjaldskröfu Svínavatnshrepps í Húnavatnssýslu á hendur Seiluhreppi útaf kostnaði sumarið 1883 við aðhjúkrun og framfærslu stúlkunnar Helgu Stefánsdóttur, sem sveitlæg er í Seiluhreppi. Var kostnaður þessi eptir reikningi hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi alls 211 kr. 18 a., en með tjeðum úrskurði var hann færður niður í 190 kr. 28 a. og með því að Svínavatnshreppur hefir meðtekið uppí kostnaðinn 100 kr., standa eptir af hinni úrskurðuðu upphæð 90 kr. 28 a., sem hreppsnefndin í Seiluhreppi skorast undan að greiða.

Fyrir því skal jeg nú, eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 21. ágúst þ. á., meðtekið tilsvár hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi til ofanefnds áfrýjunarskjals og ummæli yðar um málið, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar það, er hjer segir.

Hreppsnefndin í Seiluhreppi hefir til stuðnings neitun sinni um að endurgjalda dvalarkostnað Helgu í Svínavatnshreppi haldið því fram, að hreppsnefndin þar hefði að óþörfu dregið að flytja Helgu á sveit hennar og til styrkingar því, að Helga hafi verið flutningsfær þrátt fyrir veikindi hennar, hefir hreppsnefndin lagt fram vottorð frá hjeradslækninum í Skagafirði, dagsett 7. maí 1884, og vottorð frá landlækninum, dags. 19. október f. á., og lýsa þar læknar þessir yfir því sem sannfæringu sinni, að Helga hafi verið flutningsfær á hrepp sinn sumarið 1883. En þrátt fyrir vottorð þessi, sem þarad- auki eru, einkanlega vottorð landlæknisins, gefin löngu eptirá og byggð á miður áreiðanlegri sjúkdómslýsingu, en eigi á eigin sjón, get jeg þó eigi sjeð, að hreppsnefndinni í Svínavatnshreppi verði gefið að sök, að hafa sýnt vanrækslu í að flytja Helgu á framfærslusveit hennar, því að veikindum Helgu, einsog þeim er lýst með vitnaframburði undir málinu var svo varið, að það er að minnsta kosti vel skiljanlegt, að hreppsnefndinni í Svínavatnshreppi eigi sýndist nein tiltök vera til að flytja hana fyr en gjört var, enda var gjörð ráðstöfun til flutningsins af hreppsnefndinni hvenær sem Helga yrði ferðafær.

Jeg get heldur ekki sjeð, að kostnaðurinn af dvöl Helgu sje of hátt reiknaður, einsog hann er úrskurðaður af yður, að undanteknum 6 kr., sem taldar eru í 5. lið (borgun fyrir mann til að vaka yfir Helgu meðan hún var á Litla-Búrfelli), því að þessar 6 kr. virðast þegar vera fólgnar í 3. lið reikningsins, og því eiga að falla burtu.

Framanefndur úrskurður yðar staðfestist því hjer með með þeirri einu breytingu, að skuld Seiluhrepps til Svínavatnshrepps færist niður um 6 kr. eða niður í 84 kr. 28 a.